

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 20/2014**

Kæra Íslandsbanka hf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 44/2014](#) frá 23. september 2014.

1. Þann 19. júní 2015 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 20/2014: Kæra Íslandsbanka hf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 44/2014 frá 23. september 2014. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 2. mars 2015, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 20. október 2014. Í hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán með því að tilgreina ekki í vaxtaendurskoðunarákvæði neytendaláns við hvaða aðstæður vextir þess breyttust. Þá var kæranda bönnuð notkun vaxtaendurskoðunarákvæðisins með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Málið varðar beitingu laga nr. 121/1994 sem nú eru úr gildi fallin. Kæruheimild er að finna í 2. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 29. gr. nógildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu.

**MÁLAVEXTIR**

4. Með bréfi Sigurðar Freys Magnússonar, dags. 8. desember 2013, barst Neytendastofu kvörtun yfir endurskoðun kæranda á vöxtum láns samkvæmt skuldabréfi. Í bréfinu segir að kvartandi hafi tekið húsnæðislán hjá forvera kæranda 23. ágúst 2005. Bankinn hafi tilkynnt kvartanda 24. júlí 2013 um breytingu á vöxtum skuldabréfsins úr 4,15% í 4,8% og vísað til ákvæðis um vaxtaendurskoðun í skilmálum veðskuldabréfsins þar um. Þess beri að geta að umrætt lán hafi alla tíð verið í fullum skilum og sé enn.
5. Kvartandi telji að fjölmörg álitaefni séu tengd tilkynningu bankans um vaxtaendurskoðun lánsins. Í fyrsta lagi að vextir skuli vera hækkaðir þegar markaðsvextir hafi lækkað til muna frá því lánið hafi verið tekið, sem sé þvert á réttmætar væntingar kvartanda við töku lánsins. Í öðru lagi sú háttsemi bankans að hækka vexti á láninu en bjóða jafnframt endurfjármögnun á betri kjörum. Með því sé bankinn með klækjum að reyna að tryggja betur stöðu sína með tilliti til áhættu lánsins þannig að ef í ljós komi að meiri áhætta sé til staðar en bankanum líki, séu vextir hækkaðir. Fyrir framangreindu sé engin stoð í skilmálum sammingsins. Í þriðja lagi sé sömu brögðum beitt til að fá fram niðurfellingu á greiðslujöfnun lánsins, sbr. lög nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, til hagsbóta fyrir bankann. Í einföldu máli

verði ekki betur séð en að bankinn ætli sér að nota vaxtaendurskoðunarákvæði lánsins til að knýja fram ýmsar skilmálabreytingar, óskyldar vöxtum, til hagsbóta fyrir bankann.

6. Um sé að ræða óréttmæta viðskiptahætti sem standist hvorki lög né ákvæði lánssamnings aðila. Óskað sé eftir að Neytendastofa taki ákvörðun um, í fyrsta lagi, hvort umrætt vaxtaendurskoðunarákvæði standist lög nr. 121/1994 um neytendalán, sérstaklega með tilvísun til 6. og 9. gr. laganna, þar sem kveðið sé á um að tilgreina þurfi í skilmálum lánasamninga með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist. Í öðru lagi sé óskað eftir að Neytendastofa taki afstöðu til viðskiptahátta eins og þeirra sem lýst sé að ofan, þ.e. hvort um löglega viðskiptahætti sé að ræða. Með bréfinu fylgdi tilkynning kæranda um vaxtaendurskoðun og afrit af umræddu skuldabréfi. Erindið var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. janúar 2014. Í bréfinu kom fram að í erindinu væri vísað til óréttmætra viðskiptahátta samkvæmt lögum nr. 57/2005 án tilgreiningar sérstakra ákvæða, en að mati stofnunarinnar gætu 5., 8. og 9. gr. laganna átt við um erindið. Þá hefði Sigurður Freyr vísað til 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán.
7. Svar kæranda barst með bréfi, dags. 3. febrúar 2014. Þar segir að kvartandi hafi árið 2005 tekið sex milljón króna verðtryggt lán hjá forvera kæranda. Lánið hafi ekki verið með beinu veði heldur hafi samhliða verið tekið veði í fasteign í formi tryggingabréfs fyrir sömu fjárhæð. Auk venjulegra skilmála skuldabréfa hafi verið ákvæði um vaxtaendurskoðun á fimm ára fresti og í greiðsluáætlun hafi verið hefðbundnir fyrirvarar um að greiðslubyrði gæti breyst í samræmi við ákvæði lánssamnings. Bankinn hafi ákveðið einhliða á árinu 2010 að greiðendur gætu óskað eftir frestun á vaxtaendurskoðun til ársins 2013. Þegar að endurskoðun hafi komið það ár hafi kvartandi fengið tilboð um endurfjármögnun með nánar tilgreindum skilmálum, sem þó hafi í meginatriðum verið þau lánakjör sem þá buðust öllum lántökum húsnæðislána með lán á sama veðrétti. Kvartandi hafi andmælt vaxtahækkuninni. Leitað hafi verið sátta í málinu þar sem kvartanda hafi m.a. staðið til boða að fá 3,85% vexti í ljósi þess að veðhlutfall var tiltölulega lágt. Almenn tættu greiðendur húsnæðislána möguleika á endurfjármögnun með skiptingu lána í A og B lán, en sú skipting eigi rót að rekja til fjármögnunar bankans í gegnum sérvarin skuldabréf. A-lán séu á 1. veðrétti og innan 70% verðmætis eignar og geti bankinn af þeim sökum gegn veði í þeim aflað ódýrara fjármagns en ella og boðið lántakendum hagstæðari kjör
8. Í bréfi kæranda er því hafnað að vaxtaendurskoðunarákvæði í umræddum lánssamningi brjóti gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Enn síður geti ákvæði laga nr. 57/2005 átt við um tilboð bankans um endurfjármögnun. Kvartandi fullyrði að markaðsvextir hafi lækkað frá því lánið hafi verið tekið og bendi að því er virðist á ávöxtunarkröfu íbúðabréfa með ríkisábyrgð til samanburðar. Frekari rökstuðnings njóti ekki við. Lánakjör hljóti öðru fremur að ráðast af fjármögnunarkostnaði lánveitanda. Því miður fari því fjarri að fjármögnunarkostnaður hafi lækkað frá árinu 2005. Vart þurfi að rekja hvert umrót varð í fjármálageiranum eftir þann tíma

og hverjar afleiðingarnar hafi verið á stýrivexti Seðlabanka Íslands og þar með markaðsvexti. Fjármögnunarkostnaður bankans sé núna CB krafa, þ.e. liðlega 3% auk 130 p í rekstrarálag o.fl. Árið 2005 hafi fjármögnuð húsnæðislán ekki verið spegluð eins nákvæmlega og nú gerist, en þó hafi í aðalatriðum verið miðað við HFF kúrfu og u.þ.b. 65 punktum bætt ofan á hana. Þá hafi kúrfan verið 3,4%-4%.

9. Af þessum sökum séu það ekki gild rök í málinu að bankanum standi betri kjör til boða. Í þessu sambandi sé einnig vísað til sjónarmiða er fram komi í úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 28/2013 frá 13. september 2013. Það mál hafi varðað tvö skuldabréf sem gefin hafi verið út árið 2004 af lögaðila. Vaxtaálag hafi verið 1,81% við útgáfu þeirra. Vaxtaendurskoðun hafi verið heimil á fjögurra ára fresti og bankinn hafi nýtt það ákvæði árið 2013 og tilkynnt um 300 punkta hækkun. Ákvæði um uppgreiðslu án kostnaðar hafi ekki verið að finna í skilmálum og ekki hafi komið fram við hvaða aðstæður mætti breyta vöxtum. Orðrätt segi m.a. í niðurstöðum nefndarinnar:
10. „Það er vandasamt úrlausnarefni, hve langt varnaraðili [bankinn] getur með réttu gengið við hækkun vaxtaálagsins. Það er óumdeilt að varnaraðili hækkaði vaxtaálagið verulega á milli gjalddaga í nóvember 2012 og febrúar 2013 en þá hafði álagið ekki verið hækkað um langt skeið. Varnaraðili hefur enga tilraun gert til að útskýra þá hækkun og hefur í raun byggt málatilbúnað sinn alfarið á þeirri röngu túlkun sammingsins að hækkunarheimild hans sé án nokkurra takmarkana. Á hinn bóginn telur úrskurðarnefndin að fyrir liggja upplýsingar sem sýni glögglega að umrædd hækkun vaxtaálags var ekki ósanngjörn eða ómálefnaleg. Fall íslensku bankanna ásamt gjaldeyrishöftum og fleiri afleiðingum leiddu til þess að lántökukostnaður bankanna jókst mjög verulega. Þessi kostnaður hlýtur að vera meginatriði við mat á því hvaða vaxtakjör er eðlilegt að ákveða við endurskoðun þeirra. Af þessari ástæðu telur nefndin ekki unnt að byggja á því að hin umdeilda hækkun vaxtaálagsins hafi verið ólögmat. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu sóknaraðila.“
11. Hvað varði tilvitnuð ákvæði laga nr. 121/1994, sem hafi gilt er lánið var tekið, sé skýrt tekið fram í viðkomandi skuldabréfi hvenær vaxtabreyting sé heimil og með hvaða hætti skuli tilkynna um fyrirætlan bankans þar að lútandi. Þá sé tekið fram að lánið megi við vaxtaendurskoðun greiða upp (eða endurfjármagna) án uppgreiðslugjalds. Lántaki sé því á engan hátt bundinn af ákvörðun bankans og geti leitað betri kjara með tiltölulega litlum tilkostnaði. Ekki síst eigi þetta við nú þegar stimpilgjöld hafi verið afnumin af lánsskjölum. Orðalag um að tilgreina þurfi með hvaða hætti vextir séu breytilegir verði þannig að skoða í samhengi við tilgang laganna, sem m.a. lúti að því að neytanda verði ekki gert að gangast undir skuldbindingar með óljósum eða ófyrirsjáanlegum íþyngjandi skilmálum. Eigi neytandi þess kost að segja sig frá slíkum skilmálum án umtalsverðs kostnaðar gildi einu hversu óljósir skilmálar varðandi ástæður fyrir breytingum kunni að vera.

12. Í þessu sambandi bendi bankinn á viðauka við tilskipun 93/13/EB, um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, sem lögleidd hafi verið með breytingum á 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Viðaukinn hafi að geyma upptalningu á skilmálum sem ósanngjarnir geti talist. Meðal þeirra sé komist svo að orði í 1. lið 1. gr.: „providing for the price of goods to be determined at the time of delivery or allowing a seller of goods or supplier of services to increase their price without in both cases giving the consumer the corresponding right to cancel the contract if the final price is too high in relation to the price agreed when contract was concluded;“
13. Kjör húsnæðislána og eiginleikar verði þess utan ekki slitin úr samhengi við það fjármálalega umhverfi sem þau tengist og sem einkennist af miklum verð- og vaxtabreytingum. Tæmandi talningu á því í skilmálum skuldabréfs hvað hreyft geti við vöxtum verði því seint komið við. Raunar megi leiða að því rök að löggjafinn hafi viðurkennt slíkar takmarkanir, t.d. með því að heimila í 12. gr. laga nr. 121/1994 að greiðsluáætlanir fyrir verðtryggð lán megi byggja á gefnum forsendum, þ.e. að verðlag og vextir verði óbreyttir til loka lánstímans.
14. Kvartandi óski eftir afstöðu Neytendastofu til viðskiptahátta eins og þeim sé lýst í bréfi hans. Ekki sé vísað til tiltekinna lagaákvæða í erindinu en Neytendastofa telji 5., 8. og 9. gr. laga nr. 57/2005 geta átt við. Þrátt fyrir að nokkuð ítarlega upptalningu sé að finna í 9. gr. laganna fylgi ekki nánari rökstuðningur fyrir því á hvern hátt gengið sé gegn þeim eða öðrum tilvitnuðum ákvæðum. Eftir því sé að mörgu leyti erfitt að svara erindinu, en þess sé allt að einu freistað út frá því sem þar sé vikið að. Kvartandi virðist finna að því að samhliða hækkun vaxta reyni bankinn á einhvern ótiltekinn hátt að bæta stöðu sína. Ekki sé ljóst hvað átt sé við með þeim orðum að bankinn sé með klækjum að reyna að tryggja betur stöðu sína. Bankinn fái með engu móti séð hvernig það gangi gegn góðum viðskiptaháttum að vekja athygli á hagstæðari kjörum. Áréttað sé að um sé að ræða kjör sem öllum bjóðist að lántökugjaldi frátöldu. Nægi að vísa til heimasíðu bankans í þeim efnunum. Bankinn hafi einfaldlega kosið að nota tilefni til bréfaskrifta til greiðenda til þess að benda á kjör sem í boði væru. Alkunna sé að fyrirtæki noti reglulegar útsendingar reikninga o.þ.h. til þess að dreifa öðru markaðstengdu efni.
15. Ef kvartandi telji niðurfellingu greiðslujöfnunar ganga á rétt sinn, þá sé tilboð bankans skýrt í því tilliti og á engan hátt reynt að villa um fyrir kvartanda í þeim efnunum. Upplýsingar um stöðu greiðslujöfnunarreiknings séu greiðendum lána tiltækar hvenær sem er og komi fram á greiðsluseðlum. Kvartandi hafi vissulega möguleika á niðurfellingu eftir u.þ.b. 19 ár á þeim hluta jöfnunarreikningsins sem eftir standi að liðnum umsömdum lánstíma, fari upphæð hans fram úr sem nemur þriggja ára greiðslum m.v. það greiðslumark sem þá gildi, þ.e. að liðnum 19 árum. Það sé þó háð því skilyrði, að kvartandi hafi ekki áður óskað eftir breytingum á kjörum eða greitt upp lánið, svo sem í tengslum við sölu á eigninni. Staða reiknings nú nemi til að mynda um sex mánaða greiðslum og frá miðju síðasta ári hafi einungis um 4.000 til 4.700 króna flust á reikninginn mánaðarlega.

16. Þá sé vakin athygli á því að í tillögum ríkisstjórnarinnar sé gert ráð fyrir að greiðslujöfnunarreikningur komi til greiðslu næst á eftir vanskilum. Greiðslujöfnun með þaki sé ekki varanleg regla heldur taki einungis til þeirra húsnæðislána sem tekin hafi verið fyrir gildistöku laga nr. 107/2009 um breytingu á lögum nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga (ákvæði II. til bráðabirgða). Ef áður nefnd úrræði komi til framkvæmda sé möguleiki á niðurfellingu á grunni bráðabirgðaákvæðisins sem næst úr sögunni. Loks hafi kvartanda staðið til boða að fá lægri vexti eins og að framan hafi verið rakið. Ávinningur hans af því boði hefði því vegið upp á móti uppsöfnun á greiðslujöfnunarreikningi. Yfirgnæfandi líkur standi því til þess að kvartandi hafi enga hagsmuni af því að halda greiðslujöfnun.
17. Hér eigi einnig við tilvísun til Evróputilskipunar hér að framan um hvaða skilmála telja megi ósanngjarna. Kvartandi hafi möguleika á að segja sig frá skilmálum telji hann þá óhagstæðari en efni standi til. Afstaða hans hvað varði hækkun vaxta verði ekki skilin á annan veg en þann, að hann telji betri kjör bjóðast á lánamarkaði. Eins og rakið hafi verið standi skilmálar bankans því ekki í vegi að kvartandi geti nýtt sér þau kjör. Ekki sé því unnt að staðhæfa að tilboð bankans gangi gegn tilvitnuðum lögum eða tilskipun. Að samanlögðu telji bankinn að tilvitnuð ákvæði laga nr. 57/2005 eigi alls ekki við. Sú endurfjármögnun sem boðin hafi verið á húsnæðislánnum hafi verið einföld og gagnsæ aðferð sem hafi gert kvartanda kleift að draga úr greiðslubyrði. Niðurfelling greiðslujöfnunar hafi verið nefnd sérstaklega í tilboðinu, en raunverulegir hagsmunir tengdir því að halda greiðslujöfnun séu hverfandi. Tilboðið hafi byggt á þeim almennu kjörum sem lántökum í sömu stöðu hafi staðið til boða. Kvartanda sé kleift að segja sig frá skilmálum bankans með uppgreiðslu lánsins án aukakostnaðar. Fjarri öllu sanni sé þannig að tala um flókna vöru eða villandi viðskiptahætti sem geti raskað fjárhagslegri hegðun neytenda.
18. Bréf kæranda var sent kvartanda, Sigurði Frey, til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. febrúar 2014. Svar barst með bréfi, dags. 10. febrúar 2014. Þar er til þess vísað að í bréfi kæranda hafi bankinn hafnað athugasemdum kvartanda og fært ýmis rök fyrir afstöðu sinni sem kvartandi telji ástæðu til að gera athugasemdir við. Kvartandi haldi því fram að vaxtaendurskoðunarákvæðið, eins og það sé útfært í lánaskilmálum kæranda, standist ekki lög nr. 121/1994. Þetta sé lykilatriði. Fallist Neytendastofa á lagatúlkun kvartanda hvað það varði standi fátt eftir af röksemdafærslu bankans um annað er viðkomi vaxtaendurskoðuninni. Fallist Neytendastofa hins vegar ekki á lagatúlkun kvartanda séu gerðar eftirtaldar athugasemdir í sjö liðum:
19. Í fyrsta lagi sé ekkert í skilmálum bankans sem vísi til þess að bankinn ákveði vexti á vaxtaendurskoðunardegi með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði bankans. Þar af leiðandi hljóti hinn almenni lántaki sem fengið hafi lán með sömu skilmálum og kvartandi að horfa til viðurkenndra vaxtaviðmiða á markaði varðandi væntingar um þróun vaxta á láni sínu. Þau

viðmið séu fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs eða fyrirtækja með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóðs. Einnig væri eðlilegt fyrir lántaka að horfa til vaxta sem birtir séu af Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum nr. 38/2001. Í bréfinu er tekin saman tafla sem sýnir ýmsa markaðsvexti á þeim tíma sem lánið var tekið og á þeim tíma sem kvartanda var tilkynnt um vaxtaendurskoðun bankans. Telur kærandi að taflan sýni að vextir á markaði hafi lækkað mikið á tímabilinu.

20. Í öðru lagi nefni kærandi að greiðendur húsnæðislána eigi möguleika á endurfjármögnun með skiptingu lána í A og B lán, og að sú skipting eigi rót að rekja til fjármögnunar bankans gegnum sérvarin skuldabréf. Kvartanda varði ekkert um hvaða lán passi í núverandi fjármögnunarpakka bankans enda ekkert í skilmálum lánsins um að það þurfi að uppfylla skilyrði um veðrétt eða vera innan ákveðins verðmætis eignar. Rétt sé að benda á að fjármögnun bankans kunni að vera breytt á ný þegar að næstu vaxtaendurskoðun komi og þá sé mögulegt að A lán passi ekki í þá mynd. Ætli bankinn þá aftur að bjóða endurfjármögnun til að koma láni á rétt form að mati bankans og á kostnað lántaka, t.d. með aukinni veðsetningu eða meira íþyngjandi kvöðum og skilmálum, til hagsbóta fyrir bankann og nota til þess opið vaxtaendurskoðunarákvæði? Rétt sé að halda því til haga að kærandi hafi ekki gert greinarmun á lánum á fyrsta veðrétti og seinni veðrétti þegar kvartandi tók lánið árið 2005 ef önnur þágildandi skilyrði voru uppfyllt. Ekkert sé heldur í skilmálum lánsins um að endurreikna skuli veðhlutfall samhliða vaxtaendurskoðunum og lánið taki hærri vexti ef veðhlutfall fari yfir ákveðin mörk, sbr. núverandi viðmið bankans um A og B lán.
21. Í þriðja lagi nefni kærandi í rökstuðningi sínum að greiðslujöfnun lánsins, sem til standi að fella niður samhliða endurfjármögnun þess, sé að öllum líkindum einskis virði fyrir kvartanda. Við þá röksemd sé að athuga að bankinn kunni að hafa rétt fyrir sér miðað við horfur í dag. Hins vegar sé vandi að spá fyrir um hvað gerist í framtíðinni og komi verðbólguþot þar sem vísitala neysluverðs hækki verulega umfram greiðslujöfnunarvísitölu, geti greiðslujöfnunin á ný orðið mikils virði fyrir kvartanda. Bankinn bendi enda réttilega á að lánið sé ekki á lokagjalddaga fyrr en eftir u.þ.b. 16 ár. Við þetta sé að bæta að rök um að eign sé með óvíst virði geti aldrei réttlætt það að eign sé af tekin án bóta.
22. Í fjórða lagi bendi kærandi á að endurfjármögnun þýði að núverandi lán sé greitt upp og nýtt tekið. Miðað við fyrirbyggjandi tillögur yfirvalda um að lækka lán sem tekin voru á ákveðnu árabili og leyfa notkun á framtíðarséreignarsparnaði til greiðslu sömu lána, kunni endurfjármögnun að verða til tjóns fyrir kvartanda ef mögulegur réttur sem verði til þegar aðgerðir yfirvalda komi til framkvæmda, flytjist ekki yfir á nýja lánið. Kvartandi vilji af þeim sökum ekki endurfjármagna lánið að svo stöddu, þ.e. að láta hugsanlega taka af sér umræddan rétt gegn „tilboði“ um endurfjármögnun, en rétturinn niðurfallinn kunni að verða til hagsbóta fyrir bankann. Í fimmta lagi telji kærandi, af svörum bankans að dæma, að í erindi kvartanda felist fullyrðingar um að bankanum bjóðist í dag betri fjármögnunarkjör en áður hafi verið.

Ekkert sé fullyrt um það í kærinni en ef til vill megi halda því til haga að skammtíma óverðtryggðir millibankavextir, sem séu mælikvarði á fjármögnunarkostnað banka á markaði, hafi lækkað umtalsvert milli þeirra dagsetninga sem um ræðir. Til dæmis megi nefna að Reibor 1m hafi lækkað um 3,45% og Reibor 3m um 3,10% á tímabilinu.

23. Í sjötta lagi sé kvartandi ósammála röksemdum bankans um að ekki fylgi því kostnaður að leita betri kjara annarsstaðar. Beinn kostnaður felist t.d. í lántökugjaldi, nýju verðmati fasteignar ef eftir því sé kallað o.fl. Auk þess felist óbeinn kostnaður í umstanginu við nýja lántöku. Í báðum tilvikum geti verið um verulegan kostnað að ræða. Í raun felist ákveðinn hroki í svörum bankans þegar hann réttlæti háttsemi sína með því að kostnaður sem falli til fyrir lántaka sé lítill. Algengt lántökugjald þegar nýtt lán sé tekið sé 1%, sem þýði kostnað upp á 100 þúsund krónur sé 10 milljóna króna lán tekið. Það sé há fjárhæð fyrir marga. Í sjöunda lagi nefni kærandi að kvartanda hafi staðið til boða að fá 3,85% vexti á grundvelli þess að veðhlutfall hafi verið lágt. Það sé rangt þar sem skilyrði þess hafi verið breytt veðsetning.
24. Í bréfi Sigurðar er síðan ítrekað að vaxtaendurskoðunarskilmáli, eins og hann sé útfærður í lánssamningi aðilanna, standist ekki lög nr. 121/1994. Af þeim sökum geti kærandi ekki nýtt sér ákvæðið til að framkvæma vaxtaendurskoðun á láninu, nema þá hugsanlega til hagsbóta fyrir lántaka og þá í samráði við hann. Einnig sé ítrekað að umrætt tilboð bankans sé leið til að færa lán, sem ekki henti bankanum lengur m.t.t. fjármögnunar hans, á annað form til hagsauka fyrir bankann á kostnað kvartanda. Standist lánið ekki kröfur þannig að það teljist A lán, séu teknir hærri vextir, allt til hagsbóta fyrir bankann. Fyrir því sé engin stoð í skilmálum lánsins. Í svörum bankans sé þetta í raun viðurkennt, þ.e. að til standi að koma lánnum sem ekki séu á ákveðnu formi, yfir á annað form til hagsbóta fyrir bankann, þ.e. búa til eitt eða tvö lán, A eða B. Verið sé að beita blekkingum, velja úr húsnæðislán sem ekki henti bankanum m.t.t. áhættu og forms miðað við fjármögnun bankans í dag, hækka á þeim vextina og klæða allan gjörninginn í búning tilboðs um betri kjör, s.s. beita ólögætum viðskiptaháttum til að narra neytanda til viðskipta sem hann hafi enga þörf fyrir.
25. Bréf kvartanda var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 17. febrúar 2014. Svar barst með bréfi, dags. 17. febrúar 2014. Í bréfinu er ítrekað að bankinn hafni því að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 eða laga nr. 57/2005. Um fyrsta lið í bréfi Sigurðar segir að kærandi hafi enga ríkisábyrgð á skuldabréfaútgáfu sinni eða öðrum lántökum, líkt og vísað sé til í bréfi kvartanda. Um annan lið segir að ekki sé ljóst hvað átt sé við með því að honum varði ekki um það hvaða lán passi í núverandi fjármögnunarpakka. Eins og rakið hafi verið í fyrra bréfi bankans hafi bankinn vakið athygli á hagstæðum kjörum samhliða tilkynningu um vaxtabreytingu. Ekki hafi verið byggt á því að skilmálar láns kvartanda skylduðu hann til að gangast við tilboði bankans. Enginn ágreiningur sé um það hvað standi í skuldabréfinu. Það skuli einnig áréttað á ný að um sé að ræða kjör sem öllum bjóðist að lántökugjaldi frátöldu. Þá sé ekki ljóst hvað kvartandi eigi við um að tilboðið leiði

til aukinnar veðsetningar. Tilfærslur veða einar og sér leiði ekki til hækkunar þeirra krafna sem þau tryggi.

26. Um þriðja lið segir að hvað greiðslujöfnun varði virðist ekki ágreiningur um að hún sé ekki mikils virði, a.m.k. ekki til næstu ára. Hvað möguleika á skerðingu eignarréttar varðar, beri að hafa í huga að með viðkomandi lögum um þak á greiðslujöfnun hafi eignarréttur bankans verið skertur en ekki kvartanda. Þó svo að stjórnvöld geti ekki byggt á öðru en að lög gildi þar til þeim hafi verið hnekkð með dómi. Þá sé rétt að hafa þetta í huga þegar fjallað sé um skilmála viðkomandi skuldabréfs. Þeim hafi verið breytt með lagaboði eftir á og af þeim sökum verði óhjákvæmilega að túlka mjög þröngt þau áhrif sem slík íþyngjandi breyting leiði af sér. Til að mynda verði tæpast talið að samningur lánveitenda og lántaka um niðurfellingu greiðsluáðlögunar sé ávallt ósanngjarn af þeim sökum einum að á þeim tíma sé ekki unnt að meta tap eða ávinning lántaka af breytingunni.
27. Um fjórða lið segir að ekkert hafi komið fram í kynningarefni stjórnvalda um lánaleiðréttingu um að þeir sem nú kjósi að breyta verðtryggðum lánnum missi rétt til boðaðrar leiðréttingar. Sem standi taki hún til hækkana á árunum 2007 til 2010 og sé nægilegt að sá sem í hlut eigi hafi verið skuldari á þeim árum og skráð lánið í tiltekinn reit á skattframtali. Um fimmta lið segir að eins og rakið hafi verið að framan og í fyrra svári kæranda hafi fjármögnunarkostnaður bankans aukist frá því lán kvartanda var veitt. Kvartandi vísi til skammtíma óverðtryggðra vaxta til stuðnings því að fjármögnunarkostnaður hafi lækkað. Kærandi telji þann samanburð ekki standast. Eðli málsins samkvæmt treysti bankinn tæpast á þann markað svo neinu nemi til þess að tryggja fjármögnun langtíma verðtryggðra húsnæðislána. Bankinn lýsi því í fyrra bréfi sínu hvaða leiða hann hafi leitað til fjármögnunar slíkra lána.
28. Um sjötta lið segir að kvartandi geri athugasemdir við þann kostnað sem því fylgi að leita betri kjara annars staðar. Kærandi standi við fullyrðingar sínar í því sambandi. Eins og fram hafi komið hafi bankinn kynnt möguleika á tiltölulega ódýrum kosti til endurfjármögnunar. Þá sé til þess að taka að kostnað í upphafi verði við breytingu ávallt að skoða í samhengi við ávinning neytanda af breytingunni til lengri tíma. Breytt vaxtakjör greiði til að mynda upp kostnað á tiltölulega stuttum tíma. Hafi lántaki greitt 1% af 10 milljóna króna láni í lántökugjald sé nokkuð augljóst að með lækkun vaxta um 1% fáiist sá kostnaður til baka á innan við 12 mánuðum.
29. Um sjöunda lið segir að kvartandi finni að því að breytt veðsetning hafi verið skilyrði fyrir lægri vöxtum. Ekki sé unnt að taka afstöðu til fullyrðingarinnar án frekari skýringa á því að hvaða leyti breytt veðsetning væri kvartanda til óhagræðis eða kostnaðar. Hvað varði staðhæfingar í niðurlagi bréfs kvartanda sé í aðalatriðum vísað til fyrra svars bankans, en þó skuli tekið fram að kvartandi virðist í upphaflegri kvörtun finna að því að samhliða hækkun



vaxta reyni bankinn á einhvern ótiltekinn hátt að bæta stöðu sína. Bankanum sé ekki ljóst hvernig unnt sé að komast að þeirri niðurstöðu að um blekkingar hafi verið að ræða. Ef það ætti við væru nánast allar auglýsingar um lán og endurfjármögnun blekkingarleikur og gegn góðum viðskiptaháttum að vekja athygli á hagstæðum kjörum. Flestum ætti að vera ljóst að sú aðferð við uppbyggingu lána eftir endurfjármögnun sem bankinn kynni fylgi viðurkenndum sjónarmiðum og verklagi á fasteignalánamarkaði. Eftir því sem veðhlutfall sé hærra, því minni áhætta sé af lánveitingu og endurspeglar það í betri kjörum til neytenda. Tvískiptingin geri neytanda kleift að halda bestu kjörum á fyrra láninu í stað þess að fá hærri meðalkjör á allt lánið. Það séu ekki gild rök gegn tilboði bankans og uppbyggingu lána að það fyrirkomulag henti honum, einfaldlega vegna þess að því sé ekki svarað hvers vegna það henti ekki neytandanum.

30. Loks megi benda á að viðskiptabönkum sé ekki einungis rétt, heldur skylt, að halda fjármögnunaráhættu í lágmarki, þ.e. að ávöxtun eigna hans fylgi breytingum á eigin skuldakjörum, sbr. t.d. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Eins og áður hafi verið lýst búi bankar héraendis enn við afar hvíkkult umhverfi í þeim efnunum. Af þeim sökum sé fjármálastofnunum ókleift að bjóða fasta vexti af langtímalánum nema gegn tilteknu álagi. Telja megi víst að neytendur séu ágætlega meðvitaðir um þessar aðstæður og í því ljósi beri að skoða hversu mikil þörf sé fyrir ítarlegar útskýringar á ástæðum vaxtabreytinga í lánaskjölum. Lánaskilmálar stærstu aðila á íbúðalánamarkaði hafi borið merki þessa.
31. Bréf kæranda var sent kvartanda til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 17. mars 2014, og tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins. Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. júlí 2014, var aðilum málsins tilkynnt að fyrirséðar væru frekari tafir á afgreiðslu málsins en vonast væri til þess að afgreiðslu málsins yrði lokið innan þriggja mánaða.

### **ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

32. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar kemur fram að málið varði kvörtun yfir skilmálum skuldabréfs kæranda um vaxtaendurskoðun, auk þess sem kvartað sé yfir því að vaxtaendurskoðun bankans sé í andstöðu við góða viðskiptahætti. Um sé að ræða skuldabréf bundið vísitölu neysliverðs með föstum vöxtum og vaxtaendurskoðun á fimm ára fresti. Að mati kvartanda brjóti vaxtaendurskoðunarákvæði skuldabréfsins gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán, þar sem ekki komi fram í skilmálum með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist. Þá brjóti það gegn góðum viðskiptaháttum að nýta vaxtaendurskoðunarheimild til hækkunar vaxta þegar markaðsvextir hafi lækkað til muna frá því lánið var tekið. Auk þess hafi bankinn boðið kvartanda endurfjármögnun lánsins á betri kjörum sem feli að mati kvartanda í sér að klækjum sé beitt til þess að reyna að ná fram betri stöðu gagnvart kvartanda auk þess sem brögðum sé beitt til þess að ná fram niðurfellingu á greiðslujöfnun lánsins.

33. Af hálfu kæranda sé því hafnað að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 eða laga nr. 57/2005. Í skilmálum bréfsins sé skýrt tekið fram hvenær vaxtabreyting sé heimil og með hvaða hætti skuli tilkynna um fyrirhugaðar vaxtabreytingar. Þá sé tekið fram að lánið megi við vaxtaendurskoðun greiða upp án uppgreiðslugjalds. Lántaki sé því á engan hátt bundinn af ákvörðun bankans og geti leitað betri kjara með tiltölulega litlum tilkostnaði. Tæmandi talningu á því í skilmálum skuldabréfs hvað hreyft geti við vöxtum verði seint komið við og með því t.d. að heimila í 12. gr. laga nr. 121/1994 að greiðsluáætlanir megi byggja á því að gefnar forsendur haldist óbreyttar megi leiða að því rök að löggjafinn hafi viðurkennt slíkar takmarkanir. Þá telji bankinn ákvæði laga nr. 57/2005 ekki eiga við um vaxtaendurskoðun. Sú endurfjármögnun sem boðin hafi verið á húsnæðislánum hafi verið einföld og gagnsæ aðferð sem hafi gert kvartanda kleift að draga úr greiðslubyrði. Niðurfelling greiðslujöfnunar hafi verið nefnd sérstaklega í tilboðinu, en raunverulegir hagsmunir tengdir því að halda greiðslujöfnun séu hverfandi. Tilboðið hafi byggt á þeim almennu kjörum sem lántökum í sömu stöðu hafi staðið til boða. Kvartanda sé kleift að segja sig frá skilmálum bankans með uppgreiðslu lánsins án aukakostnaðar.
34. Í hinni kærðu ákvörðun er rakið að í erindi kvartanda hafi verið vísað til ákvæða 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 auk þess sem vísað hafi verið til ákvæða 5., 8. og 9. gr. laga nr. 57/2005. Í 6. gr. laga nr. 121/1994 séu taldar upp þær upplýsingar sem lánveitanda ber að veita neytanda við gerð lánsamnings. Þar séu m.a. tilteknir vextir í 3. tölulið. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 121/1994 sé aðilum lánsamnings, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., heimilt að semja um breytilega vexti að uppfylltum þeim skilyrðum að tilgreint sé hverjir vextir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður vextirnir breytast. Hafi lánveitandi ekki veitt lántaka þær upplýsingar sem kveðið sé á um í 6. gr. laganna geti það skapað lánveitanda bótaábyrgð samkvæmt 15. gr. þeirra, enda hafi lántaki mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera. Tilgangur ákvæðisins sé að fá lánveitanda til að fullnægja upplýsingaskyldu sinni og sé því meginreglan sú að lánveitandi beri afleiðingar af því ef hann fullnægir ekki skyldu sinni samkvæmt 6. gr.
35. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 9. gr. laganna sé kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða séu með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Í 1. mgr. ákvæðisins séu taldar upp þær upplýsingar sem undir ákvæðið falla. Þá sé í 2. mgr. 9. gr. um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megi að almennt skipti máli fyrir neytendur.

36. Í haus skuldabréfs kvartanda og kæranda komi fram að skilmálar sammingsins séu „FASTIR VEXTIR“ auk þess sem fram komi að um sé að ræða skuldabréf bundið vísitölu neysliverðs með vaxtaendurskoðunarákvæði. Þá komi með skýrum hætti fram að vextir séu 4,15%. Um vexti segi í skilmálum sammingsins: „Af höfuðstól skuldar þessarar eins og hann er á hverjum tíma, ber að greiða vexti samkvæmt ofanskráðu. Vexti ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir samkvæmt ofanskráðu. Vextir reiknast frá útgáfudegi bréfsins nema annað sé tilgreint. Sé um sérstaka vaxtagjalddaga að ræða, skal greiða vexti á vaxtagjalddögum samkvæmt ofanskráðu til gjalddaga fyrstu afborgunar, en frá þeim tíma greiðast vextir á sömu gjalddögum og afborganir.“
37. Þá sé fjallað sérstaklega um vaxtaendurskoðun, þar sem segi: „VAXTAENDURSKOÐUN. Íslandsbanka hf. er heimilt að breyta ofanskráðum vöxtum á vaxtagjalddögum en þó ekki fyrir en að liðnum fimm árum frá útgáfu skuldabréfs þessa og síðan á fimm ára fresti. Eigi síðar en einum mánuði áður en breyting á vöxtum á að taka gildi skal Íslandsbanki hf. tilkynna útgefanda um hana. Sætti útgefandi sig ekki við þessa vaxtabreytingu er honum heimilt án sérstaks uppgreiðslugjalds að endurgreiða lánið að fullu ásamt áföllnum vöxtum, verðbótum og kostnaði á þeim vaxtagjalddaga þegar breytingin átti að taka gildi, enda greini hann lánveitanda frá þeirri fyrirætlun með tveggja vikna fyrirvara.“
38. Í ákvörðun Neytendastofu er rakið að samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 skuli lánveitandi við gerð lánsammings gefa neytanda upplýsingar um vexti sammingsins. Ákvæðið komi þó ekki í veg fyrir að samið sé um að vextir séu breytilegir og skuli í þeim tilvikum gæta að skilyrðum 9. gr. laganna og veita upplýsingar um vexti eins og þeir séu þegar upplýsingarnar eru veittar. Auk þess skuli tilgreina með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast. Samkvæmt ofangreindu hafi kvartanda verið veittar skýrar upplýsingar um þá vexti sem í gildi voru við gerð sammingsins auk þess sem skýrlega komi fram að vextir geti tekið breytingum að fimm árum liðnum og á fimm ára fresti eftir það.
39. Í lögskýringargögnum með 9. gr. laga nr. 121/1994 sé ekki lýst hvað geti talist aðstæður sem leiði til breytinga og skylt sé að skýra neytendum frá. Þá sé ekki fjallað um hversu ítarlega greina skuli frá þeim aðstæðum sem ráðið geta vaxtabreytingum. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 6/2009, þar sem fjallað hafi verið um skyldu lánveitanda til að upplýsa um aðstæður sem áhrif hafi á vexti, hafi m.a. sagt:
40. „Samkvæmt frumvarpi sem varð að lögum nr. 30/1993, sem eru stofn laga nr. 121/1994, er tilgangur frumvarpsins meðal annars að bæta möguleika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og þar með gera lántakanda auðveldara að meta hvort hann vill taka lánið. Vandséð er hvernig ná má fram þeim tilgangi nema 9. gr. laganna sé skýrð á þann hátt að orðalagið „... tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast“ sé túlkað þannig að lánveitanda sé skylt að upplýsa lántaka um allar

breytur sem áhrif hafa til hækkunar eða lækkunar á hlutfalli vaxtanna. Skiptir hér engu máli hvort einhver eða einhverjar af breytunum séu þess eðlis að lántaki geti ekki aflað sér upplýsinga um breytingar á þeim. [...] Verður að gera þá kröfu til bankans að hann tilgreini, þannig að ekki sé neinum vafa undirorpið, hverjar þessar aðstæður eru svo lántaki geti með fullnægjandi hætti gert sér grein fyrir hvernig vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast eins og skýrlega er kveðið á um í 9. gr. laga nr. 121/1994. Einungis þannig verður gagnsæi lánskjaranna tryggt.“

41. Í skilmálum þess skuldabréfs er málið varði séu engar upplýsingar gefnar um til hvaða þátta sé lítið við vaxtaákvörðun eða við hvaða aðstæður vextir breytist. Sú staðreynd, að kvartandi sé ekki bundinn af vaxtabreytingum og geti greitt samninginn upp án uppgreiðslugjalds vilji hann ekki una breytingunum, leysi bankann ekki undan skyldu 9. gr. laga nr. 121/1994 til að greina frá því með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist. Þá fái Neytendastofa ekki séð að ákvæði 12. gr. laganna, þar sem fjallað er um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, og kveðið er á um að ef samningur heimili breytingu á vöxtum eða kostnaði skuli við útreikninginn gert ráð fyrir að vextir og kostnaður haldist óbreytt út lánstímann, dragi úr þeirri skyldu lánveitanda að gefa upplýsingar samkvæmt 9. gr. Með vísan til þessa hafi kærandi brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki í samningsskilmálum við hvaða aðstæður vextir breytist. Með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994 sé kæranda því bönnuð notkun vaxtaendurskoðunarákvæðisins.
42. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 121/1994 geti það skapað lánveitanda bótaábyrgð hafi hann ekki veitt þær upplýsingar sem mælt sé fyrir um í 6. gr. laganna hafi neytandinn mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera. Þá er í 27. gr. laganna einnig um það fjallað að brot á lögnum geti valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Neytendastofu sé með lögnum ekki gefin heimild til að taka ákvarðanir um skaðabætur og verði því að reka slíkt mál á grundvelli skaðabótalaga fyrir úrskurðarnefnd eða eftir atvikum fyrir dómstólum.
43. Eins og fram hafi komið sé í lögum nr. 57/2005 fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hvaða viðskiptahættir teljist óréttmætir. Í viðskiptum neytenda og fyrirtækja sé mikilvægt að standa vörð um hagsmuni neytenda, sem áhrifaminni aðila viðskiptasambandsins. Til að mynda sé í 9. gr. laganna fjallað ítarlega um þá kröfu sem gera verði til upplýsingagjafar og teljist það stríða gegn góðum viðskiptaháttum ef neytendum séu veittar villandi eða rangar upplýsingar jafnt á við það ef neytendum séu ekki veittar þær upplýsingar sem telja verði þörf á að þeim séu veittar. Með vísan til þess að kæranda sé óheimilt að beita vaxtaendurskoðunarákvæði skuldabréfsins telji Neytendastofa þó ekki ástæðu til að taka ákvörðun í þessu máli á þeim grundvelli, þ.e. hvort vaxtaendurskoðun kæranda hafi falið í sér óréttmæta viðskiptahætti.

## **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

44. Í kærðu, dags. 20. október 2014, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Í kærðunni er í fyrsta lagi vikið að lagagrundvelli ákvörðunar Neytendastofu. Telur kærandi að Neytendastofa geti ekki byggt ákvörðun sína á 26. gr. laga nr. 121/1994 þar sem lögin og þar með ákvæðið hafi fallið úr gildi við gildistöku nýrra laga um neytendalán 1. nóvember 2013, eða meira en mánuði áður en kvartandi lagði fram kvörtun sína til stofnunarinnar. Í nýjum lögum um neytendalán nr. 33/2013 sé ekki kveðið á um að 26. gr. laganna haldi gildi sínu við gildistöku nýrra laga. Aðeins sé kveðið á um að ákvæði 13.-15. gr., 2. mgr. 19. gr. og 20. gr. skuli gilda um opna lánsamninga, sbr. 15. gr. sem séu í gildi við gildistöku laganna.
45. Almennt hafi verið talið að við mat á því hvernig marka skuli tímaskil milli laga eigi að miða við að nýjum lögum skuli eftir gildistöku beitt um öll lögskipti sem undir ákvæði þeirra falla þótt til hafi stofnast áður en lögin tóku gildi. Sama eigi við um réttarstöðu manna að öðru leyti. Því sé meginreglan sú að réttarstaða manna ákvarðist af lögum eins og þau séu hverju sinni, þótt upphaf viðskipta megi rekja til eldri laga. Þá hafi fræðimenn talið að lög sem íþyngja þegnum þjóðfélagsins skuli skýra þannig að þeim verði ekki beitt afturvirkir nema kveðið sé á um það berum orðum að slíkt sé heimilt. Sé kveðið á um íþyngjandi afturvirkni í lögum skuli jafnframt túlka slík ákvæði þröngt.
46. Í í IX. kafla nýrra laga um neytendalán nr. 33/2013 sé kveðið á um eftirlit, viðurlög, réttarúrræði og bótaskyldu. Í 3. mgr. 29. gr. laganna sé ákvæði sem veiti Neytendastofu heimild til að grípa til aðgerða gegn aðilum sem brjóta í bága við nánar tiltekna kafla laga nr. 33/2013 eftir því sem við eigi. Segi í ákvæðinu að aðgerðir Neytendastofu geti falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Neytendastofu sé á hinn bóginn ekki gefin nein heimild til að bregðast við telji stofnunin að brotið hafi verið gegn ákvæðum eldri laga. Því sé ekkert ákvæði í gildandi lögum sem heimili Neytendastofu að leggja bann við notkun lánaskilmála sem samið hafi verið um í tíð eldri laga. Því sé ekki lagastoð fyrir ákvörðun stofnunarinnar sem nú sé kærð til áfrýjunarnefndar neytendamála. Á grundvelli lögmatísreglunnar verði ávallt að vera lagastoð fyrir ákvörðunum stjórnvalds. Það sé enn mikilvægara að lagastoð sé skýr þegar teknar séu mjög íþyngjandi ákvarðanir. Umrædd ákvörðun Neytendastofu sé mjög íþyngjandi fyrir bankann og geti haft áhrif á þúsundir annarra lána. Þá sé ljóst að ef samið hefði verið um fasta vexti út lánstímann hefðu vextir verið hærri og kveðið hefði verið á um að greiða þyrfti uppgreiðslugjald við uppgreiðslu lánsins.
47. Í öðru lagi er í kærðunni vikið að ætluðum brotum gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Bendir kærandi á að ákvæði 9. gr. laganna sé mjög óskýrt. Í ákvæðinu komi fram að heimilt sé að semja um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Þá skuli greina frá vöxtum eins og þeir séu á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreina með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist. Ekki sé að finna neinar skýringar á því hvað teljist fullnægjandi upplýsingar um með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist, hvorki í lögnum sjálfum né lögskýringargögnum. Miðað við

niðurstöðukafla ákvörðunar Neytendastofu sé stofnunin á sama máli. Þá séu hugtökin „fastir vextir“ og „breytilegir vextir“ ekki skilgreind í lögnum. Af hálfu Neytendastofu hafi til þessa engar athugasemdir verið gerðar við framkvæmd bankans.

48. Ákvörðun Neytendastofu og túlkun hennar á 9. gr. laganna sé afar íþyngjandi fyrir kæranda. Þá verði að hafa í huga að með ákvörðuninni sé verið að takmarka samningsfrelsi aðila, þ.e. að aðilar njóti frelsis til að semja um efni löggerna. Verði því að telja að lagastoð hinnar kærðu ákvörðunar sé ekki nægjanlega skýr fyrir svo íþyngjandi ákvörðun. Næst er af hálfu kæranda vísað til þess að ný lög um neytendalán geti ekki breytt túlkun eldri laga. Telur kærandi að f. liður 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 hafi haft áhrif á túlkun Neytendastofu á 9. gr. laga nr. 121/1994, en slíkt sé óheimilt enda verði viðmiðum fyrrnefnda lagaákvæðisins ekki beitt við skýringu þess síðarnefnda með svo afturvirkum hætti.
49. Upplýsingagjöf um breytilega vexti geti aldrei orðið nákvæm. Í frumvarpi til laga nr. 30/1993, sem séu stofn laga nr. 121/1994, komi skýrt fram að tilgangur frumvarpsins sé meðal annars að bæta möguleika lántakenda til að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda og þar með gera lántakanda auðveldara að meta hvort hann vilji taka lán. Þetta hafi einnig komið skýrt fram í ákvörðunum Neytendastofu og úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 6/2009 komi m.a. fram að það sé álit nefndarinnar að lánveitandi þurfi að upplýsa um „allar breytur“ sem áhrif geti haft til hækkunar eða lækkunar á hlutfalli vaxtanna. Þá segi jafnframt í úrskurðinum að engu máli skipti hvort einhver eða einhverjar af breytunum séu þess eðlis að lántaki geti ekki aflað sér upplýsinga um breytingar á þeim. Í úrskurðinum hafi verið byggt á því að vísa hefði átt til Libor-vaxta og vaxtaálags. Þessir tveir þættir hafi í því máli verið taldir „aðstæður“ sem skylt væri að gera grein fyrir í skilningi 9. gr. laganna. Í hinni kærðu ákvörðun Neytendastofu komi ekki fram til hvaða breytna kærandi hefði átt að vísa til og því sé ekki sagt til um það hvernig bankinn hefði getað fullnægt skyldu sinni samkvæmt 9. gr. laga nr. 121/1994.
50. Skýring áfrýjunarnefndarinnar í framangreindum úrskurði sé á því byggð að nauðsynlegt sé fyrir lántakanda að fá umræddar upplýsingar til að hann geti borið saman mismunandi tilboð lánveitenda. Ekki fáist séð að lántakandi eigi auðveldara með að bera saman tilboð lánveitanda þótt að fyrir liggi að breytilegir vextir breytist t.d. í samræmi við vaxtastig og kostnað við fjármögnun bankans. Þannig geti lántakandi á grundvelli þeirra upplýsinga ekki frekar en lánveitandi vitað eða séð fyrir hvernig framangreindir þættir muni þróast. Í þessu samhengi sé bent á að við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar hafi verið heimilt samkvæmt 12. gr. laga nr. 121/1994 að miða við þá forsendu að vextir yrðu óbreyttir til loka lánstímans. Verði því ekki séð að upplýsingagjöf sem Neytendastofa telji skorta á hefði breytt neinu fyrir neytandann.
51. Bent sé á að þegar samið sé um fasta vexti út allan lánstímann séu vextir yfirleitt hærri en ef samið er um breytilega vexti. Þá sé yfirleitt uppgreiðslugjald á lánum með föstum vöxtum, en lán með breytilegum vöxtum megi greiða upp án kostnaðar. Upplýsingar um lánakjör hafi

verið að finna á heimasíðu kæranda í mörg ár og ættu flestir neytendur, sem ákveði að taka lán með vaxtaendurskoðunarákvæði, að gera sér grein fyrir að vextir geti hækkað við endurskoðun á fimm ára fresti. Kvartandi í umræddu máli hafi haft sérstaklega góða aðstöðu til að kynna sér framangreint en hann hafi verið starfsmaður í áhættustýringu hjá bankanum á þeim tíma sem lánið var tekið.

52. Kærandi vísar næst til þess að þegar vaxtaendurskoðunarákvæði séu skoðuð út frá sjónarhorni neytandans hljóti að skipta mestu máli að lánveitandi breyti ekki vöxtum eftir eigin geðþótta þannig að hækkunin sé ómálefnaleg eða ósanngjörn. Hins vegar geti neytendur gert ráð fyrir að breytingar geti orðið á vöxtum vegna utanaðkomandi atvika sem viðkomandi fjármálafyrirtæki geti ekki haft áhrif á, svo sem breytinga í peningastefnu eða lánastefnu sem hafi áhrif á vaxtastig eða vegna annarra breytinga á vaxtastigi, breytinga á samningum við skiptaaðila banka sem hafi áhrif á kostnað bankans og svo framvegis. Vaxtaendurskoðun kæranda frá árinu 2012 hafi leitt til lækkunar vaxta í um 75% tilvika og hafi málefnalegir þættir eins og vaxtastig og kostnaður við fjármögnun bankans ráðið þar mestu.
53. Einnig megi benda á að í skilmálum skuldabréfsins sem málið varði sé kveðið á um þann möguleika lántakanda að greiða lánið að fullu án sérstaks uppgreiðslugjalds. Þannig hafi lántakanda verið veittur sá möguleiki að losna undan skilmálum lánsins og í kjölfarið hafi hann þá getað samið um endurfjármögnun þess með nýjum skilmálum sem hann teldi ásættanlega, annað hvort hjá kæranda eða öðru fjármálafyrirtæki. Lántakandinn hefði því aldrei þurft að sitja undir vaxtahækkunum sem hann teldi ósanngjarnar. Þannig varði að ætla að þegar samið hafi verið eins og í fyrirbyggjandi skuldabréfi hafi lántakanda átt að vera ljóst að hagstæðari vaxtakjör leiddu til þess að lánveitandi gæti á fimm ára fresti brugðist við utanaðkomandi aðstæðum við endurskoðun á vöxtum. Verði að telja að þessi túlkun samræmist tilgangi laganna.
54. Kærandi vekir sérstaka athygli á því að slíkum ákvæðum hafi ekki verið til að dreifa í því skuldaskjali sem hafi verið til umfjöllunar í fyrrgreindum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 6/2009. Fordæmisgildi úrskurðarins sé því takmarkað og hafi í raun minnkað enn frekar eftir að stimpilgjöld á lánskjöllum voru felld niður. Með því hafi lækkað verulega þeir þroskuldur sem staðið hafi endurfjármögnun neytenda í vegi. Eðli málsins samkvæmt þarfnist neytandi ekki verndar gagnvart skilmálum sem hann geti vikið sér undan með litlum tilkostnaði. Kvartanda hafi orðið tíðrætt um að engin rök hafi staðið til vaxtahækkunar bankans, vaxtastig hafi frekar lækkað. Verði fullyrðingar kvartanda í þessum efnunum ekki túlkaðar á annan veg en þann að hann hafi talið sér standa til boða lægri vexti á markaði. Þá sé ljóst að kvartanda hafi boðist hagstæðari kjör hjá kæranda sjálfum. Verði þannig ekki séð að bankinn hafi í upphafi eða síðar með umræddum skilmálum hindrað kvartanda í að nýta sér hagkvæmari kosti. Loks bendi kærandi á að ákvörðun Neytendastofu sé óhagstæð fyrir neytendur, enda geti hún komið í veg fyrir að unnt sé að lækka vexti á lánum líkt og því sem deilt sé um og lánum sem bankinn hafi veitt með sambærilegum skilmálum.

55. Með bréfi, dags. 23. október 2014, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 7. nóvember sama ár, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í henni kemur fram að stofnunin fallist ekki á að brotið hafi verið gegn lögmætisreglu með hinni kærðu ákvörðun eða að hana hafi skort lagastoð. Skuldabréf það er málið lúti að hafi verið gefið út í gildistíð laga nr. 121/1994, þar sem m.a. sé kveðið á um upplýsingaskyldu lánveitanda og formkröfur lánssamninga til neytenda, og voru falin Neytendastofu til eftirlits. Byggi ákvörðun Neytendastofu þar af leiðandi á þeim lögum þar sem ekki sé hægt að gera þá kröfu að samningar kæranda uppfylli skilyrði laga sem ekki voru í gildi þegar þeir voru gerðir og gætu lagt ítarlegri skyldur á kæranda um upplýsingagjöf. Við samningsgerðina hafi því ekki verið nein réttaróvissa og ekki um afturvirkni laga að ræða þar sem ákvörðunin taki á þeirri skyldu sem hvíli á lánveitanda þegar samningurinn sé gerður. Kæranda hafi mátt vera fullljóst hvaða kröfur voru gerðar til upplýsingagjafar samkvæmt lögum sem í gildi voru þegar lánssamningurinn var gerður. Þá hafi kæranda verið ljóst að lögin féllu undir eftirlit Neytendastofu. Einnig fæli það í sér verulega skerðingu á úrræðum neytenda vegna lánssamninga ef eftirlitshlutverk Neytendastofu væri skert með þessum hætti þar sem þeir þyrftu þá ávallt að leita úrlausnar mála vegna lánssamninga sem gerðir hafi verið fyrir gildistöku laga nr. 33/2013 fyrir dómstólum.
56. Það sé engum vafa undirorpið að stofnunin hafi eftirlit með og geti tekið ákvarðanir um lánssamninga sem gerðir voru í gildistíð laga nr. 121/1994 þrátt fyrir að álitamál komi til meðferðar stofnunarinnar eftir 1. nóvember 2013 eða þann dag sem lög nr. 33/2013, sem m.a. felldu úr gildi ákvæði laga nr. 121/1994, tóku gildi. Þrátt fyrir að í lögum nr. 33/2013 sé ekki að finna ákvæði nákvæmlega samhljóða 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 sé efnisinntak þeirra hið sama og hvað varði upplýsingar um vexti séu gerðar sömu kröfur til lánveitanda. Þá sé Neytendastofu, eftir sem áður, falið eftirlit með lánssamningum sem fyrirtæki geri í atvinnuskyni við neytendur og séu valdheimildir stofnunarinnar þær sömu.
57. Neytendastofa fallist ekki á það með kæranda að 9. gr. laga nr. 121/1994 sé óskýr eða að samningsferli hans hafi verið takmarkað. Kærandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögunum. Þá sé því hafnað að viðmið laga nr. 33/2013 hafi haft áhrif á skýringu stofnunarinnar á 9. gr. laga nr. 121/1994. Í lánssamningnum sem málið varði hafi ekki verið gefnar upplýsingar um neinar þeirra aðstæðna sem áhrif gætu haft á ákvörðun vaxta. Sú staðreynd að árleg hlutfallstala kostnaðar skuli reiknuð út miðað við að vextir haldist óbreyttir leiði til þess að enn ríkari ástæða sé fyrir lánveitanda að gera neytandanum grein fyrir því hvernig vextir, sem áhrif hafa á árlega hlutfallstölu kostnaðar, geti breyst og hvaða aðstæður geti valdið slíkum breytingum. Þá skipti ekki máli varðandi upplýsingaskyldu lánveitanda þótt lántaka sé heimilt að greiða upp lán án uppgreiðslugjalds. Loks hafi þekking lántaka ekki áhrif á upplýsingaskylduna.



58. Með bréfi, dags. 24. nóvember 2014, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Það gerði hann með bréfi, dags. 9. desember sama ár. Kom þar einkum fram að ekki væri um það deilt að kæranda hafi borið að fara eftir ákvæðum laga nr. 121/1994 þegar umræddur lánsamningur hefði verið gerður og að það falli undir valdsvið Neytendastofu að hafa eftirlit með því að fjármálafyrirtæki fari að ákvæðum laganna. Á hinn bóginn byggir kærandi á því að Neytendastofa hafi ekki getað byggt ákvörðun sína á 26. gr. laga nr. 121/1994, enda hafi lögin verið úr gildi fallin þegar kvörtun barst stofnuninni. Þá sé ljóst af dómi EFTA dómstólsins frá 24. nóvember 2014 í máli nr. E-27/13 að þekking neytanda kunni að hafa áhrif á mat á upplýsingagjöf til hans. Að öðru leyti voru fyrri sjónarmið kæranda ítrekuð.
59. Með bréfi, dags. 14. desember 2014, var Sigurði Frey Magnússyni gefinn kostur á að taka afstöðu til kærunnar. Það gerði hann með bréfi, dags. 29. sama mánaðar. Auk þess að ítreka þegar fram komin sjónarmið var bent á að álykta mætti að lánsamningurinn sem deilt væri um stæðist ekki 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og jafnvel einnig 30. gr. sömu laga. Verði hin kærða ákvörðun felld úr gildi muni það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir neytendur, enda verði þeir þá berskjaldaðar fyrir geðþóttaákvörðunum bankans varðandi verðlagningu í lánsamningum. Athygli sé vakin á að kærandi nefni sjálfur að hann hafi breytt skilmálum í lánsamningum, en telja verði að þetta sé gert til að draga úr hættu á að dæmt verði bankanum í óhag vegna dómsmála sem kunni að skapast vegna skilmálanna.
60. Með bréfi, dags. 9. janúar 2015, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við bréf Sigurðar Freys. Það gerði kærandi með bréfi, dags. 20. sama mánaðar. Þar var því hafnað að ákvæði nr. 7/1936 kæmu til skoðunar við meðferð málsins fyrir úrskurðarnefndinni, enda hefðu umræddar málsástæður ekki komið fram áður, auk þess sem þær féllu utan valdsviðs nefndarinnar. Þá var vísað til fyrri sjónarmiða.
61. Með bréfi, dags. 28. janúar 2015, var Sigurði Frey gefinn kostur á að tjá sig um bréf kæranda. Það gerði hann með bréfi, dags. 9. febrúar 2015. Þar kemur fram að Sigurður hafi ekki óskað eftir að áfrýjunarnefndin tæki afstöðu til þess hvaða þýðingu ákvæði laga nr. 7/1936 hefðu varðandi löggerningana, heldur væri það „upplýsandi að gera sér grein fyrir því að allt um lykjandi þetta mál eru óréttmætir viðskiptahættir, blekkingar og jafnvel svik“. Þá eru færð rök fyrir því að hækkun kæranda á vöxtum vegna lánsamnings þess er málið lúti að hafi verið örökrétt að teknu tilliti til fjármögnunarkostnaðar bankans á þeim tíma. Að öðru leyti voru fyrri sjónarmið ítrekuð. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til aðila, dags. 15. apríl 2015, var tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og yrði það nú tekið til úrskurðar nefndarinnar. Með vísan til 4. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 væri þó upplýst, með vísan til anna nefndarinnar, að nokkrar tafir yrðu á meðferð málsins en stefnt væri að því að kveða upp úrskurð fyrir lok maímánaðar.

## **NIÐURSTAÐA**

62. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu nr. 44/2014 frá 23. september 2014. Í ákvörðuninni komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán með því að tilgreina ekki í vaxtaendurskoðunarákvæði neytendaláns við hvaða aðstæður vextir breyttust. Þá var kæranda bönnuð notkun vaxtaendurskoðunarákvæðisins með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994. Málið varðar lög nr. 121/1994, en heimilt er samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laganna að kæra ákvarðanir sem Neytendastofa tekur á grundvelli laganna til áfrýjunarnefndarinnar, sbr. c lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu. Eins og síðar verður vikið að hefur það þýðingu við meðferð máls þessa að samkvæmt 3. mgr. 29. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 verður ákvörðunum Neytendastofu, sem teknar eru á grundvelli þeirra laga, einnig skotið til áfrýjunarnefndarinnar, sbr. c. lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005.
63. Eins og að framan er rakið tók Sigurður Freyr Magnússon húsnæðislán hjá forvera kæranda með undirritun skuldabréfs 23. ágúst 2005. Í skuldabréfinu var ákvæði um mögulega endurskoðun vaxta lánsins að liðnum fimm árum frá útgáfudegi skuldabréfsins, eins og nánar var kveðið á um í ákvæðinu. Var og tiltekið að sætti lántaki sig ekki við vaxtabreytinguna væri honum heimilt án sérstaks uppgreiðslugjalds að endurgreiða lánið að fullu ásamt áföllnum vöxtum. Þann 24. júlí 2013 var Sigurði tilkynnt að endurskoða ætti vexti af láninu til hækkunar. Leitaði hann af því tilefni til Neytendastofu 8. desember sama ár og gerði athugasemdir við að kærandi skyldi hafa ákveðið að hækka vextina og að umrætt ákvæði skuldabréfsins um vaxtaendurskoðun samræmdist ekki 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Í millitíðinni eða 1. nóvember sama ár höfðu tekið gildi ný lög nr. 33/2013 um neytendalán, en samtímis voru lög nr. 121/1994 felld úr gildi. Neytendastofa tók síðan hina kærðu ákvörðun 23. september 2014. Ákvörðunin var reist á því að fyrrgreint ákvæði lánessamnings Sigurðar og kæranda um vaxtaendurskoðun samræmdist ekki 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Nánar tiltekið hefði ekki verið tilgreint við hvaða „aðstæður“ vextir samkvæmt skuldabréfinu gætu breyst, sbr. orðalag 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laganna. Þá var kæranda bönnuð notkun ákvæðisins með vísan til 26. gr. laganna, en samkvæmt þeirri lagagrein var Neytendastofu meðal annars heimilt að banna athafnir sem brytu í bága við ákvæði laganna.
64. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að þegar Sigurður Freyr leitaði til Neytendastofu, og þegar stofnunin tók hina kærðu ákvörðun, höfðu lög nr. 121/1994 verið felld úr gildi. Þar á meðal hafði verið felldur úr gildi VII. kafli laganna, þar sem m.a. var fjallað um eftirlit Neytendastofu með ákvæðum laganna, en málsmeðferð Neytendastofu og hin kærða ákvörðun mun hafa verið reist á ákvæðum þessa kafla. Um leið og lög nr. 121/1994 voru felld úr gildi tóku gildi ný lög um neytendalán nr. 33/2013. Í þeim lögum var kveðið á um að Neytendastofa annaðist eftirlit „með ákvæðum laga þessara“ og að stofnunin gæti „gripið til aðgerða gegn aðilum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla, eftir því sem við getur átt“. Þá var kveðið á um það í 3. mgr. 29. gr. laganna að aðgerðir Neytendastofu gætu falið í sér „bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði“.

65. Án tillits til þess að kærandi var bundinn af ákvæðum laga nr. 121/1994 vegna atvika er vörðuðu réttarsamband hans og Sigurðar Freys í gildistíð laganna, og að á sama tíma hafði Neytendastofa eftirlit með framkvæmd laganna, verður ekki framhjá því litið að þegar Sigurður Freyr leitaði til Neytendastofu, og þegar hin kærða ákvörðun var tekin, höfðu lögin verið felld úr gildi. Gat Neytendastofa af þeirri ástæðu ekki beitt valdheimild þeirri sem áður hafði verið að finna í 26. gr. laga nr. 121/1994 eins og gert var á í hinni kærðu ákvörðun. Þá var á hinn bóginn sams konar valdheimild að finna í 3. mgr. 29. gr. hinna nýju laga nr. 33/2013. Neytendastofu var því heimilt, með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar Íslands 2. október í máli nr. 640/2007, að byggja ákvörðun sína umræddu ákvæði hinna nýju laga um neytendalán þrátt fyrir ófullkomin ákvæði laganna um lagaskil. Áfrýjunarnefndin er að þessu leyti ekki bundin af þeim lagagrundvelli sem Neytendastofa reisti ákvörðun sína á varðandi tilvísun til viðeigandi valdheimildar, enda ljóst af gögnum málsins að málatilbúnaði kæranda hafi ekki verið áfátt fyrir nefndinni þótt að í hinni kærðu ákvörðun hefði með réttu átt að vísa til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 í stað 26. gr. laga nr. 121/1994. Af sömu ástæðu var kæranda unnt að kæra ákvörðunina til áfrýjunarnefndarinnar á grundvelli 3. mgr. 29. gr. núgildandi laga nr. 33/2013, sbr. c. lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005. Neytendastofu var enn fremur rétt að byggja ákvörðun sína á því að 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 tækju til lánsammans kæranda og Sigurðar Freys, eins og gert var í hinni kærðu ákvörðun, enda giltu lögín á þeim tíma þegar til sammingsins var stofnað og hvorki ákvæði laga nr. 33/2013 né lögskýringargögn þeirra laga bera þess merki að ætlun löggjafans hafi verið að hafa afturvirk áhrif á réttindi eða skyldur aðila slíkra samminga.
66. Í lögum nr. 121/1994 var í 3. tölulið 6. gr. kveðið á um skyldu lánveitenda til að gefa neytendum upplýsingar um vexti. Þá var kveðið á um það í 2. mgr. 6. gr. að ef breyta mætti lánskostnaði, afborgunum eða „öðrum atriðum lánskjara“ á samningstímanum skyldi lánveitandi við gerð lánsammans greina neytanda frá því „við hvaða aðstæður breytingarnar“ gætu orðið. Í 9. gr. laganna var kveðið á um að aðilar lánsammans gætu samið um að vextir væru að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skyldi þá greint frá vöxtum eins og þeir væru á þeim tíma sem upplýsingarnar væru gefnar. Þá skyldi tilgreint með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða „aðstæður“ þeir breyttust.
67. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar 25. september 2009 í máli 6/2009 var fjallað um skýringu þeirrar reglu sem fram kom í umræddum ákvæðum laga nr. 121/1994. Í málinu reyndi á ákvæði um breytilega vexti lánsammans þar sem lánveitanda var veitt heimild til að endurskoða vextina á þriggja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem giltu gagnvart nýjum sambærilegum eða hliðstæðum lánnum. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að umrætt orðalag 9. gr. laganna skyldi túlkað þannig að lánveitanda væri skylt að upplýsa lántaka um allar breytur sem áhrif hefðu til hækkunar eða lækkunar á hlutfalli breytilegra vaxta lánsammans. Ekki skipti máli í því samhengi hvort einhver eða einhverjar af þeim breytum væru þess eðlis að lántaki gæti ekki aflað sér upplýsinga um breytingar á þeim. Taldi nefndin að vaxtaákvæði viðkomandi lánsammans veitti ekki neina leiðbeiningu um það hvaða

aðstæður gætu leitt til breytinga á vöxtum lánsins. Yrði að gera þá kröfu til lánveitanda að hann tilgreindi, þannig að ekki væri neinum vafa undirorpið, hverjar þessar aðstæður væru svo lántaki gæti með fullnægjandi hætti gert sér grein fyrir hvernig vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Í úrskurðinum kom meðal annars fram að viðkomandi lánveitandi hefði ekki gefið upp að öllu leyti við meðferð þess hvaða atriði það væru sem hefðu haft áhrif á hina umdeildu vaxtaákvörðun. Með vísan til þessa var honum bannað að beita umræddu ákvæði samningsins um vaxtaendurskoðun.

68. Af framangreindu leiðir að í gildistíð laga nr. 121/1994 skýrði áfrýjunarnefndin 9. gr. laganna á þann hátt að lántakanda væri skylt að tiltaka í lánsamningi þau atriði sem kynnu að hafa áhrif á breytingu vaxta. Af þessum sökum var lánveitendum bannað að beita ákvæðum um vaxtaendurskoðun sem tilgreindu ekki að öllu leyti ástæður sem réðu því hvort vextir yrðu hækkaðir eða lækkaðir heldur aðeins tímamark þess að lánveitendum væri heimilt að endurskoða vexti og hluta þeirra sjónarmiða sem þeir gætu litið til við ákvörðun vaxtanna.
69. Ákvæði lánsamnings kæranda og Sigurðar Freys um vaxtaendurskoðun er að finna í 4. gr. skilmála samningsins og er svohljóðandi: „VAXTAENDURSKOÐUN. Íslandsbanka hf. er heimilt að breyta ofanskráðum vöxtum á vaxtagjalddögum en þó ekki fyrr en að liðnum fimm árum frá útgáfudegi skuldabréfs þess og síðan á fimm ára fresti. Eigi síðar en einum mánuði áður en breyting á vöxtum á að taka gildi skal Íslandsbanki hf. tilkynna útgefanda um hana. Sætti útgefandi sig ekki við þessa vaxtabreytingu er honum heimilt án sérstaks uppgreiðslugjalds að endurgreiða lánið að fullu ásamt áföllnum vöxtum, verðbótum og kostnaði á þeim vaxtagjalddaga þegar breytingin átti að taka gildi, enda greini hann lánveitanda frá þeirri fyrirætlan með tveggja vikna fyrirvara.“
70. Engar „aðstæður“ eru tilgreindar í ákvæðinu sem kunna að liggja til grundvallar mögulegum hækkunum eða lækkunum vaxta. Ljóst er að ákvæðið veitir þannig ekki frekari leiðbeiningu um það hvaða atriði geti leitt til breytinga á vöxtum lánsins en það ákvæði sem áfrýjunarnefndin fjallaði um fyrrgreindum í úrskurði sínum 25. september 2009 í máli 6/2009, sbr. skýringu nefndarinnar á ákvæði 9. gr. laga nr. 121/1994. Breytir engu í þeim efnum þótt í lánsamningi þeim, sem hér er til skoðunar, hafi komið fram að lántaka væri heimilt að greiða upp lánið án uppgreiðslugjalds í kjölfar vaxtaendurskoðunar. Verður því staðfest sú niðurstaða Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki í ákvæðinu við hvaða aðstæður vextir gætu breyst. Þá verður kæranda með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013, sbr. áður 26. gr. laga nr. 121/1994, bönnuð notkun ákvæðisins, en í því samhengi þarf ekki að taka til athugunar hvort ákvæðið samræmist reglum núgildandi laga nr. 33/2013 um endurskoðun breytilegra vaxta, enda bendir ekkert til þess að ætlun löggjafans með þeim lögum hafi verið að hafa slík afturvirk áhrif á réttarstöðu þeirra aðila sem gert höfðu neytendalánasamninga í tíð hinna eldri laga.

## **ÚRSKURÐARORÐ:**

Íslandsbanki hf. hefur brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán með því að tilgreina ekki í lánsamningi bankans og Sigurðar Freys Magnússonar frá 23. ágúst 2005 við hvaða aðstæður vextir breyttust.

Með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2012, sbr. 26. gr. laga nr. 121/1994, er bankanum bannað að breyta vöxtum samkvæmt 4. gr. skilmála lánsamningsins.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir